

# Hafnarstjórn

## Stjórnskipuleg staða

Hafnarstjórn heyrir beint undir bæjarstjórn. Hafnarstjóri starfar með hafnarstjórn.

Hafnarstjórn fer með verkefni málaflokks 41 Hafnarsjóður. Helstu stofnanir á verksviði hafnarstjórnar eru: Patreksfjarðarhöfn, Bíludalshöfn, Brjánslækjarhöfn, fasteignir og tæki hafnarsjóðs, verndaráætlun og hafnarvarsla.

## Skipan ráðsins

Í hafnarstjórn eiga sæti þrjú fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um hafnarmál og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir þrjú fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar á hafnarstjóri/bæjarstjóri rétt á að sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

## Hlutverk

Hlutverk hafnarstjórnar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um hafnarmál,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í hafnarmálum,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í hafnarmálum sveitarfélagsins nái fram að ganga,
- að starfa með hafnarstjóra,
- að vera umsagnaraðili um ráðningar starfsmanna þeirra stofnana sem undir hana heyrir,
- að gera tillögur um úrbætur í starfsemi sem undir hana heyrir.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana, sem tilheyra verksviði ráðsins og heyra til málaflokkasviðs hennar almennt. Hafnarstjórn skal hafa faglega umsjón með þeim stofnunum sem á verksviði hennar eru og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

## Starfshættir

Um starfshætti ráða og stjórna er sérstaklega getið í VI. kafla samþykpta um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Hafnarstjórn kemur saman fyrir luktum dyrum. Hafnarstjórn er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal það gert í samræmi við 2. mgr. 38. gr. samþykpta um stjórn Vesturbyggðar. Hafnarstjórn gerir samþykkt um reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Hafnarstjórn skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða samþykpta um stjórn Vesturbyggðar. Fundarritari hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur fundargerðinni til bæjarskrifstofu. Ritari bæjarstjórnar leggur fundargerðina fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður hafnarstjórnar sér um boðun funda í samráði við hafnarstjóra. Fundur í hafnarstjórn er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður hafnarstjórnar stýrir fundum stjórnar samkvæmt 39. gr. samþykpta um stjórn Vesturbyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti hafnarstjórnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

### Eftirfylgni

Formaður hafnarstjórnar og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til hafnarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykka stjórnarinnar.

### Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í hafnarstjórn gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í hafnarstjórn er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns hafnarstjórnar a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í hafnarstjórn en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í stjórninni.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir hafnarstjórn og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi í hafnarstjórn skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

### Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal hafnarstjórn taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið hennar heyrir, sérstaklega þó lögum um hafnarmál. Þá skal hafnarstjórn fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.

Samþykkt á 280. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 17. desember 2014.